

Niðurstöður úr hópavinnu á fulltrúaráðsfundi í Álfhólsskóla

Þann 4. febrúar 2011.

Hvernig hvetur skólinn til samstarfs milli sín, heimila og annarra aðila í nærsamfélaginu?

Niðurstaða hóps:

- Það er ekki markviss hvatning.
- Það er lágmarks upplýsingaflæði í gegnum Mentor, töskupóst og heimasíðu.
- Mættu vera öflugri boðleiðir og markvissari stefna, sem dæmi:
 - Taka vel á móti nýjum nemendum á öllum stigum
 - Vinna með foreldrum þ.e. efla tengslanet.
 - Hver sér um hvað? Handmennt, smíðar, sérkennslu ofl.

Hvernig getur skólinn bætt upplýsingamiðlun til foreldra?

Niðurstaða hóps:

- Bæta heimasíðuna – meiri upplýsingar þar inn (vantar töluvert upp á upplýsingar undir flípa)
- Fá pósta (slóð á atburð). Fá kennara til að vera duglega að senda pósta
- Í nýjasta Mentorkerfi er hægt að setja helling inn
- Gera símat og einkunnir aðgengilegt á Mentor
- Fá tilkynningar frá fjölskyldu til skóla ef ekki er nettenging (senda pappírspósta þangað)
- Búa til hóp-SMS-sendingar ef eitthvað er um að vera (ath hjá símafyrirtæki)

Hvað þarf skólinn að gera til að styðja við foreldra í uppeldishlutverki sínu núna?

Niðurstaða hóps:

- Samræma netnotkun nemanda
- Mötuneyti – upplýsingar um næringu og mikilvægi næringar
- Ræða almennt um ástandið í þjóðfélaginu – kreppa, atvinnuleysi ofl.
- Mætast á miðri leið, skóli og foreldrar og hætta að kasta stöðugt boltanum á milli
- Meiri samvinna hjá bekkjarfulltrúum og umsjónarkennara til að minnka bilið á milli kennara og foreldra

Hvaða aðferðir notar skólinn til að hjálpa aðstandendum að styðja við nám barnanna?

Niðurstaða hóps:

- Heimanám sett inn í Mentor (stundum) og í tölvupósti til foreldra en árangur misjafn eftir kennurum (ekki nógu markvisst)
- Foreldraviðtöl - mjög misjafnt eftir kennurum (enn stuttur tími)
- Námsfiskynningar á haustin? Eru ekki nógu markvissar meira eins og bókakynning
- Sérdeild – Teymisfundur á 6-8 vikna fresti og einstaklingsnámskrá, en barst seint í ár
- Vangaveltur; mætti auka fjölbreyttni í að hjálpa foreldrum með heimavinnu í skóla?
- Vantar heildstæða stefnu í þessu. Þetta fer mikið eftir áhuga og tölvukunnáttu kennara

Hvernig stuðlar skólinn að þátttöku foreldra í skipulögðu samstarfi við skólann? Hvað er í boði?

Niðurstaða hóps:

- Mjög lítið sýnilegt, stefnumótunardagur sl. vor og stendur til annar í mars
- Hugsað að viðburðir s.s. laufabrauð og vorhátíð séu í samstarfi
- Ættu að vera opnari gagnvart foreldrum í umræðu um ýmis mál t.d. einelti, dægradvöl, niðurskurð, gæslu í frímínutum
- Leggjum til fundi bekkjarfulltrúa og umsjónarkennara á hverju stigi ásamt námsráðgjafa a.m.k. 2x á ári og helst í byrjun annar

Hvar geta foreldrar séð niðurstöður í sjálfsmati skólans eða niðurstöður samræmdra prófa eða niðurstöður HBSC rannsókna?

Niðurstaða hóps:

- Samræmd próf – fréttabréf skólans
- Annað hvergi

Hvað þarf að gera til að auðvelda öllum foreldrum að taka þátt í skólalastarfinu?

Niðurstaða hóps:

- Að það sé tryggt að allir skilji það sem fer fram á fundum/atburðum óháð þjóðerni, fötlun
- Tryggja að þeir sem hafa ekki aðgengi að upplýsingum á tölvutæku formi fái þær upplýsingar á annan hátt.
- Góð fræðsla í upphafi árs.
- Betra aðgengi að skólanum.
- Ræða-fræða-bæta.